


ATHUGUN Á LAXASTOFNI BAKKAÁR 1987

Tumi Tómasson

└Hólum, maí 1988

VMST-N/88014X┘



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD**  
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

## BAKKAÁ 1987

### INNGANGUR

Þann 19. ágúst voru seiðastofnar Bakkaár athugaðir, líkt og gert hefur verið á undanförunum árum. Alls var rafveitt á sjö stöðum í Bakkaá sjálfri, og á einum stað í Hrafnadalsá. Staðirnir í Bakkaá eru þeir sömu og veitt hefur verið á s.l. ár (Mynd 1). Í litlum ám er oft hætta á að hrygningu laxa sé misskipt á milli svæða, en vitneskja um þéttleika og dreifingu seiða um ána er grundvöllur þess að stunda markvisst ræktunarstarf í ánni.

Að venju var hreistri safnað af veiddum lögum. Alls bárust 41 sýni.

### NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Í Bakkaá hefur verið fylgst með þróun seiðastofna í nokkur ár. Túlkun niðurstaðna grundvallast að hluta á niðurstöðum fyrri ára, og einnig á botngerð, straumlagi og afstöðu veiðistaða. Lýsingu á ánni er að finna í skýrslu yfir athuganir frá 1985 (Tumi Tómasson 1986).

Niðurstöðurnar eru settar fram í Töflu 1 og á Mynd 2. Á efsta staðnum, veiðistað 2, er nær eingöngu að finna seiði af sleppiuppruna. Þessi seiði dveljast flest 3 vetur í ánni áður en þau ganga til sjávar, þó einhver hluti þeirra fari eftir tvo vetur. Þarna eru því samtímis þrjú árgangar, og heildarþéttleiki seiða því nokkuð mikill. Árangur smáseiðasleppinga er í öfugu hlutfalli við dvalartíma seiðanna í ánni. Því tel ég að betra væri að sleppa smáseiðum á þetta svæði annað hvert ár. Þá mun vaxtarhraðinn aukast og árangurinn þá væntanlega einnig batna.

Á stöðum 3-6 er 2+ árgangurinn (klak vorið 1985) mjög sterkur. Vöxtur þessara seiða er heldur minni en vöxtur jafngamalla seiða á síðastliðnum árum. Hluti þeirra ætti þó að ganga til sjávar nú í vor. Á staði 4 og 5 vantar alveg tvo árganga. Vorgömul seiði fundust þó í stað 6, og þar sem seiði dreifast almennt upp árnar er líklegt að þau verði komin upp að fossi (stað 5) nú í sumar.

Á stuttum kafla fyrir ofan foss eru uppeldisskilyrði mjög góð. Hætt er við að þau séu að verða vannýtt. Því myndi ég leggja til að þar yrði í sumar sleppt seiðum.

Náttúrulegu 1+ seiðin á stað 7 eru líkast til árangur hrognagraftrar 1985. Seiði sem sleppt var í gilið 1986 hafa einnig gengið upp á þetta svæði (1+ss). Á stöðum 6 og 7, fundust nú náttúruleg vorgömul seiði.

Ekki virðist vera nein náttúruleg nýliðun í gilinu, en vöxtur sleppiseiða er þar mjög góður og fara seiðin út eftir tveggja ára dvöl. Á neðsta staðnum (stað 8) veiddust slatti af stórum seiðum sem sleppt var sumarið 1986. Þessi seiði voru úrgangsseiði úr eldisstöðinni, og voru öll kynþroska hængir haustið 1987. Það er augljóst að lítið gagn hefur verið af þessari sleppingu.

Seiðin sem sleppt var í Hrafnagilsána hafa dafnað vel og full ástæða er til að endurtaka sleppingu þar í sumar.

#### NIÐURSTÖÐUR ALDURSGREININGAR HREISTURS

Í Töflu 2 er samantekt á niðurstöðunum og aldursgreining einstakra sýna fylgir á sér blöðum. Það sem kemur mest á óvart er hve stórt hlutfall smálaxanna hefur dvalið fimm ár í ferskvatni. Ástæða þess er líklega sú að stór hluti hængseiða verður kynþroska í ánni, og það tefur sjógöngu þeirra um a.m.k. eitt ár umfram það sem búast mætti við á grundvelli rafveiðanna.

Aukið hlutfall smálaxa með þriggja ára ferskvatnsdvöl er í samræmi við niðurstöður rafveiða á undanförunum árum.

Flestir stórlaxanna með þriggja ára ferskvatnsdvöl eru upprunnir úr smáseiðasleppingu. Í heildina má telja 18% smálaxanna og 25% stórlaxanna til smáseiðsleppinga. Þessi athugun byggir á frekar fáum sýnum, en er þó í góðu samræmi við niðurstöður s.l. árs (Tumi Tómasson 1987). Þótt þetta virðist vera hátt hlutfall er árangur þessara sleppinga enn vel innan við 1% og full ástæða til að ætla að betur sé hægt að gera.

#### ÁLYKTANIR

Ástand seiðastofna Bakkaár er almennt gott, en nokkuð breytilegt á milli svæða. Ég tel ekki sérstaka ástæðu til að breyta veiðiálaginu frá því sem verið hefur. Sleppingar smáseiða geta haft mikil áhrif á laxgengd í Bakkaá, einkum ef rétt er að staðið. Sumarið 1988 legg ég til að sleppt verði um 3000 seiðum og að þeim verði dreift þannig:

- 1) Í gilið, frá brú og uppúr. 1 seiði á hvern lengdarmeter, alls 1000-1200 seiði.
- 2) Fyrir ofan foss, á þann kafla þar sem botninn er grófur, ca 200 m kafla. Þarna má sleppa ca 300 seiðum, 3 á hverja 2 metra.
- 3) Hrafnagilsá, frá Hrafnadal og um 2 km uppeftir ca 500 seiðum, 1 seiði á hverja 3-4 metra.

- 4) Efst í Bakkaá. Byrja sleppingar um 1.5 km fyrir ofan Bakkaselsvað og sleppa frameftir ca 1000 seiðum, 2 seiði á hverja 3 metra.

Mikilvægt er að dreifa seiðunum vel, því árangurinn veltur að mestu leiti á hversu þétt seiðin standa í ánni.

Ég vil að lokum hvetja til þess að góð hreistursýni verði tekin í sumar sem endranær.

#### HEIMILDIR

Tumi Tómasson, 1986. Athugun á Bakkaá 1985. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/86005X 7 bls

Tumi Tómasson, 1987. Athugun á Bakkaá 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/87003X 5 bls

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri í Bakkaá 19/8 1987. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1 ), ss merkir sleppiuppruni


Staður nr	Stærð m	fjöldi veiddra seiða á 100 m <sup>2</sup>						
		0+	0+ss	1+	1+ss	2+	2+ss	3+
2	32x6	-	5.7	-	5.7	-	6.3	1.6
3	30x6	-	-	7.2	-	7.8	+	2.2
4	21x6	-	-	-	-	30.2	-	4.0
5	15x7	-	-	-	-	24.8	-	3.8
6	20x7	3.6	-	2.1	-	17.9	-	10.7
7	20x6	0.8	-	16.7	5.8	-	-	-
8	50x7	-	1.7	-	-	-	3.1	-
x	40x1	-	-	-	25.0	-	-	-

Staður X er aukastaður í Hrafnadalsá, rétt við brúna.

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna af löxum sem veiddust í Bakkaá sumarió 1987.

Ár í ferskvatni	fj	Ár í sjó		
		%	fj	%
2	2	9	-	-
3ss	2	9	4	25
3	7	32	1	6
4	2	9	11	69
5	8	36	-	-
6	1	5	-	-
samtals	22	100	16	100

ónýtt 111




Mynd 1. - Rafveiðistaðir í Bakkaá.

19.8.1987

Bakkaá

Lax

Fjöldi



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Bakkaá 19/8 1987. Staðirnir eru merkir inn á kort (Mynd 1). Sé merkt við aldurinn með ss táknar það að seiðin séu úr sleppingu.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN  
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Baldkvi

Fisktegund: Lax

Sendandi: .....

Fjöldi sýna: 41

Veidiár: 1987

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
1	08-07	♂	91	6.000	4	2 <sup>+</sup>	Brisarkýflur
2	09-07	♀	86	6.000	3	2 <sup>+</sup> <sup>ss</sup>	Brisarkýflur
3	09-07	♀	83	5.000	4	2 <sup>+</sup>	Brisarkýflur
4	25-07	♂	59	2.000	ómykt hr		Brisarkýflur
5	26-07	♂	55	1.500	3	1 <sup>+</sup>	Foss
6	26-07	♀	84	6.000	4	2 <sup>+</sup>	Giljastrengur
7	26-07	♂	61	2.000	3	1 <sup>+</sup>	Foss
8	27-07	♂	62	2.000	5	1 <sup>+</sup>	Merimukleður
9	27-07	♂	61	2.000	3 <sup>+</sup>	1 <sup>+</sup>	Giljapollur
10	27-07	♂	96	7.500	3	2 <sup>+</sup> <sup>n</sup>	Stráfrápollur
11	27-07	♀	81	4.500	3	2 <sup>+</sup> <sup>ss</sup>	Stráfrápollastrengur
12	27-07	♂	65	2.500	5	1 <sup>+</sup>	Svarðipollur
13	28-07	♀	55	2.000	4	1 <sup>+</sup>	Foss
14	28-07	♀	85	6.500	4	2 <sup>+</sup>	Klepppollur
15	28-07	♂	60	2.000	3	1 <sup>+</sup>	Merimukleður
16	31-07	♀	83	5.000	4	2 <sup>+</sup>	Merimukleður
17	02-08	♂	60	2.000	3	1 <sup>+</sup>	Foss
18	07-08	♀	70	4.000	4	2 <sup>+</sup>	Foss
19	07-08	♂	53	2.000	5	1 <sup>+</sup>	Foss
20	08-08	♂	58	2.100	5	1 <sup>+</sup>	Foss
21	13-08	♀	86	6.500	4	2 <sup>+</sup>	Foss
22	16-08	♂	58	2.250	6	1 <sup>+</sup>	
23	17-08	♀	76	4.000	3	2 <sup>+</sup> <sup>ss</sup>	
24	19-08	♂		1.600	5	1 <sup>+</sup>	Foss
25	19-08			2.000	3 <sup>(+)</sup>	1 <sup>+</sup> <sup>(ss)</sup>	Foss
26	23-08	♂	58	2.000	3	1 <sup>+</sup>	Brisarkýflur
27	30-08	♂	52	2.000	5	1 <sup>+</sup>	Foss
28	02-09	♀	59	2.000	3	1 <sup>+</sup> <sup>ss</sup>	Giljastrengur
29	02-09	♂	66	2.600	?		Giljastrengur
30	02-09	♀	81	4.000	5	1 <sup>+</sup>	Stráfrápollur
31	02-09	♀	79	4.500	ókerileg hr		Svarðipollur
32	05-09	♂	67	3.000	5	1 <sup>+</sup>	Foss
33	05-09	♂	100	8.500	3	2 <sup>+</sup> <sup>ss</sup>	Kerid



